

Umhverfisstofnun
Ingibjörg Marta Bjarnadóttir
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 11.3.2021
Tilvísun: 202010-0033/41-2
KHS, OKV, RTh
la

Mat á verndargildi strandlengju Álftaness, Bessastaðaness og Bessastaðatjarnar

Inngangur

Vísað er í tölvubréf Umhverfisstofnunar 19. október 2020 þar sem óskað er eftir samantekt Náttúrufræðistofnunar Íslands á mati á verndargildi þess hluta strandlengju Álftaness sem er ekki friðlýst nú þegar. Með bréfinu fylgdi kort sem afmarkar umrætt svæði og nær það frá sveitarfélagamörkum við Hafnarfjörð umhverfis Álftanes að friðlýsingarmörkum í Gálgahrauni, sunnan Lambhúsatjarnar. Með tölvubréfi 5. febrúar 2021 var einnig óskað eftir sérstöku mati á verndargildi Bessastaðaness. Einnig var þar áréttað að fyrirhugað sé að fara í friðlýsingu sem nái til sjávar, sbr. afmörkun á B-hluta tillögum náttúruverndaráætlunar (Álftanes – Skerjafjörður) sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt fram og er innan Garðabæjar, sjá, <https://www.ni.is/node/18023>. Hér verður einnig fjallað um verndargildi Bessastaðatjarnar og næsta nágrenni sem einnig er hluti af fyrrgreindum verndartillögum Náttúrufræðistofnunar enda mikil tengsl milli fuglalífs þar og í Bessastaðanesi.

Allt svæðið er á náttúruminjaskrá og hluti þess er friðaður, þ.e. Skerjafjörður innan marka Kópavogs og land Garðabæjar fyrir sameiningu við Bessastaðahrepp (búsvæðavernd); Bakkatjörn og Gróttá á Seltjarnarnesi; Kasthúsatjörn og nálæg fjörusvæði (friðland) og Hlið ásamt fjörum (fólkvangur).

Náttúrufræðistofnun tilnefndi árið 2018 Álftanes-Skerjafjörð vegna fjöruvistgerða og fugla á B-hluta náttúruverndaráætlunar. Botndýralíf er þar auðugt á grunnsævi og mikið um lífríkar sjávartjarnir og fjörur, sjávarlón og sjávarfitjar og tiltölulega lítið raskaðar klóþangsfjörur og sandmaðksleirur. Fuglalíf er fjölskrúðugt árið um kring, m.a. eru hér mikilvægir viðkomustaðir fargesta og nær margæs alþjóðlegum verndarviðmiðum. Hið sama á við um æðarvarp á Álftanesi, grágæsir á fjaðrafellitíma og sendling að vetri.



Fjara og grunnsævi frá Bala að mörkum friðlands í Gálgahrauni

Vistgerðir í strandlengi og fjörum Álftaness

Strandvistgerðir á landi og fjöruvistgerðir umhverfis Álftanes hafa hátt verndargildi enda sækir fjöldi fugla fæðu í þær. Mikið er um lífríkar fjörur og sjávarljón, sjávarlón og sjávarfitjar og auðugt botndýralíf á grunnsævi eins og lýst er á staðreyndasíðu Álftaness-Skerjafjarðar, tillögusvæðis Náttúrufræðistofnunar á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár frá apríl 2018 (<https://www.ni.is/greinar/sv-alftaness-skerjafjordur>).

Fjöruvistgerðir

Fjörur Álftaness eru að jafnaði grýttar enda er fjörubeðurinn nútímahraun sem nær í sjó fram. Þangfjörur eru einkennandi í grýttum fjörunum en leirur eru í skjólríkari svæðum, einkum svonefndum tjörnum.

Klóbangsfjörur finnast meðfram öllu nesinu og eru við Garðahverfi, Hliðsnes, Varir, Hrakhólma, Seiluna, Rana og Bessastaði. Klóbangsfjörur hafa mjög hátt verndargildi skv. frummati (Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016), þær eru skilgreindar sem forgangsvistgerð og í endurmati fengu þær verndargildið 23 (verndargildi fjöruvistgerða var á bilinu 5-23 í endurmati) (Olga Kolbrún Vilmundardóttir o.fl. 2019). Klóbangsfjörur eru grýttar og klóbang ríkjandi en vistgerðin er tegundaauðug og mikilvægt fæðusvæði fuglategunda á borð við æðarfugl og ýmsa vaðfugla (<https://www.ni.is/greinar/klohangsfjorur>).

Klóbangsklungur finnast við Lambhúsatjörn sunnanverða og í minna mæli við Garðahverfi en vistgerðin hefur mjög hátt verndargildi samkvæmt frummati og í endurmati fékk hún verndargildið 19. Klóbang er ríkjandi á föstu undirlagi en umhverfis eða inn á milli er fíngert set þar sem sandmaðkur er algengur. Vistgerðin er mikilvægt fæðusvæði ýmissa andfugla og vaðfugla (<https://www.ni.is/greinar/klohangsklungur>).

Ýmsar gerðir setfjara finnast meðfram strandlengjunni, s.s. líflitlar sandfjörur, grýttur sandleir, sandmaðksleirur og marhálmsgræður.

Sandmaðksleirur eru í Lambhúsatjörn og Seilunni en vistgerðin einkennist af fíngerðu seti og er sandmaðkur einkennistegund. Sandmaðksleirur eru yfirleitt breiðar og flatar en finnast þó á minni skikum innan um aðrar fjöruvistgerðir. Vistgerðin er mikilvægt fæðuöflunarsvæði tjalds og sandlóu (<https://www.ni.is/greinar/sandmadksleirur>). Í frummati var verndargildi vistgerðarinnar metið miðlungi hátt en í endurmati fékk hún verndargildið 15 (verndargildi fjöruvistgerða var á bilinu 5-23 í endurmati). Vistgerðin var skilgreind sem forgangsvistgerð við val svæða á B-hluta náttúruminjaskrár 2018 (Olga Kolbrún Vilmundardóttir o.fl. 2019) og hún er sömuleiðis á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar (<https://eunis.eea.europa.eu/habitats/1959>).

Marhálmsgræður eru í bæði í Skógtjörn og Lambhúsatjörn en vistgerðin einkennist af fínkornóttu seti með breiðum af marhálmi, graskennndri æðplöntu sem jafnframt er einkennistegund vistgerðarinnar. Vistgerðin finnst helst þar sem set nær aldrei að þorna alveg og eru aðstæður einkum fyrir hendi í sjávarlönnum. Marhálmur er mikilvæg fæða fyrir ýmsar andfuglategundir eins og segir á staðreyndasíðu vistgerðarinnar (<https://www.ni.is/greinar/marhalmsgraedur>). Samkvæmt



frummati er verndargildi vistgerðarinnar miðlungi hátt en hún hefur verið skilgreind sem forgangsvistgerð og fékk verndargildi 21 í endurmati. Hún er jafnframt á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar (<https://eunis.eea.europa.eu/habitats/5408>).

Gryttur sandleir er setfjara sem er blanda af öllum kornastærðum setefna. Í þær sækir töluvert af fuglum í ætisleit en verndargildi vistgerðarinnar telst lágt samkvæmt frummati (<https://www.ni.is/greinar/gryttur-sandleir>) og fékk hún 10 í endurmati. Vistgerðin er þó á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar (<https://eunis.eea.europa.eu/habitats/439>).

Líflitar sandfjörur eru gróðurlausar sandfjörur með nokkuð grófu setefni og telst verndargildi hennar lágt samkvæmt frummati (<https://www.ni.is/greinar/liflitlar-sandfjorur>) en í endurmati fékk hún verndargildið 6. Vistgerðin er þó á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar (<https://eunis.eea.europa.eu/habitats/437>).

Háseltulón teljast til sérstæðra fjörusvæða (habitat complexes) og er vistgerðin í Skógtjörn. Helsta einkenni slíkra lóna er töluvert selta í yfirborði og sjávarfalla gætir að hluta. Töluvert fuglalíf er í slíkum lónum en verndargildi vistgerðarinnar er þó metið miðlungi hátt og fékk hún 7 í endurmati (<https://www.ni.is/greinar/haseltulon>).

Landvistgerðir - Strandlendi:

Á Álftanesi finnst **sjávarfitjungsvist** í skjólgóðum fjörum við Skógtjörn, Lambhúsatjörn og Rana á Bessastaðanesi. Sjávarfitjungsvist er allvel gróin, hallalítill vistgerð við sjávarstrendur og finnst við efri mörk fjöru. Sjór flæðir yfir í stórstreymi og er gróður undir miklum áhrifum af sjó. Sjávarfitjungur er grastegund sem er ríkjandi í vistgerðinni. Vistgerðin er mikilvægt fæðuöflunarsvæði fyrir andfugla. Verndargildi hennar samkvæmt frummati er hátt (Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016), við endurmat fékk hún verndargildið 30 (verndargildi landvistgerða var á bilinu 3-38 í endurmati) og var hún skilgreind sem forgangsvistgerð við val svæða á framkvæmdaáætlun náttúruuminjaskrár (Olga Kolbrún Vilmundardóttir o.fl. 2019). Þá er vistgerðin á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar (<https://eunis.eea.europa.eu/habitats/652>).

Fuglar

Fuglalíf á Álftanesi er fjölskrúðugt árið um kring. Þar eru fágæt fuglasvæði, yfir 30 tegundir hafa orpið og þúsundir farfugla koma við til hvíldar og fæðuöflunar á ferðum sínum milli Evrópu og heimskautasvæða á Grænlandi og í Kanada vor og haust. Mikið fuglalíf er á vetrum sem byggist á víðáttumiklum og lífríkum fjörum.

Einkennisfuglar á Álftanesi eru strand- og votlendisfuglar, einkum andfuglar og vaðfuglar. Æðarfugl er langalgengasti varpfuglinn á Álftanesi og nýtir fjöru- og grunnsævi umhverfis nesið til fæðuöflunar og ungauppeldis. Þetta búsvæði er því undirstaða fyrir tilvist æðarfugls á nesinu og á það raunar á við um flestar aðrar fuglategundir, eins og hávellu og toppönd. Einnig sækja vaðfuglar, skarfar, máfar og kríur mikið í þetta búsvæði (Jóhann Óli Hilmarsson og Ólafur Einarsson 2015)

Á Álftanesi eru mikilvægir viðkomustaðir fargesta og nær margæs (þúsundir fugla) alþjóðlegum verndarviðmiðum. Það á einnig við um æðarfugl (yfir 3.000 pör), grágæs á fjaðrafellitíma (1.200 fuglar) og sendling að vetri (700 fuglar), https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf. Fjöldi annarra tegunda dvelur þarna á vetrum; þúsundir æðarfugla og hundruð gráanda, hávellna, dílaskarfa, tjalda




og máfa (Náttúrufræðistofnun, vetrarfuglatalningar). Einnig verpa þúsundir kría á svæðinu og stórt sílamáfsvarp á Álftanesi.

Hér verður nánar vikið að þeim tegundum sem nýta fjörur á Álftanesi og eru, eða hafa verið, það algengar að svæðið telst alþjóðlega mikilvægt.

Margæs hefur viðdvöl á vestanverðu landinu á leið sinni milli vetrarstöðva á Írlandi og varpstöðva í Kanada vor og haust, <https://www.ni.is/node/27124>. Þessi stofn margæsa er mjög lítill í samanburði við flesta aðra gæsastofna en hefur vaxið mikið. Ísland gegnir lykilhlutverki fyrir þessar gæsir sem dvelja hér í margar vikur vor hvert og safna orku til áframhaldandi flugs yfir Grænlandsjökul og til varpsvæðanna í norðri. Þær fyrstu koma í byrjun apríl og eru þær flestar horfnar í lok maí. Margæsir eru strandfuglar og afla fæðu á grunnsævi og í fjöru. Helsta fæða þeirra er marhálmur, sjávarfitjungur og grænþörungur. Allt að 3000 fuglar (10-15% stofnsins hefur haft viðdvöl á Álftanesi) (Kristbjörn Egilsson o.fl. 2004).

Margæsir halda einkum til við Lambhúsatjörn og Skógtjörn, en í báðum þessum tjörnum eru marhálmur og sjávarfitjar útbreiddar (1. mynd). Þaðan sækja þær í tún, aðallega á austanverðu og sunnanverðu Álftanesi. Álftanes er þungamiðja í útbreiðslu margæsa á Innesjum en fuglarnir sjást nú orðið allvíða á þeim slóðum. Bent hefur verið á mikilvægi þess að halda einhverjum tünnum í rækt til að halda í þann fjölda margæsa sem kemur við á Álftanesi á vorin.



1. mynd. Helstu margæsastaðir á Álftanesi skv. skráningu 2001–2004. Fylltir hringir sýna staði sem eru notaðir reglubundið, en opnir hringir sýna staði sem notaðir eru sjaldnar. Blár litur auðkennir staði sem ekki voru notaðir 2003 og 2004. Stærð hringja gefur hugmynd um fjölda fugla sem sjást (Kristbjörn Egilsson o.fl. 2004).



Sendlingur sækir einkum í þangfjörur og eru þeir langalgengastir frá Bala að Hrakhólum. Allt að 700 fuglar sáust að vetrarlagi á þessum slóðum þar fyrir nokkrum áratugum sem gerði þetta svæði alþjóðlega mikilvægt. Mun færri fuglar hafa sést hin síðar ár og er það svipuð þróun og víða á Suðvesturlandi og kann að stafa af mikilli fækkun í stofninum, hin seinni ár, og er sendlingur nú á válista, <https://www.ni.is/node/27157>. Sama gildir um **rauðbrysting**, <https://www.ni.is/node/27155> hann er áberandi í fjörum á Álftanesi á vorin en hefur fækkað mikið. Áður sáust t.d. allt að 1500 fuglar í flóðsetri við Skógtjörn en árið 2014 voru þeir flestir 350 (Jóhann Óli Hilmarsson og Ólafur Einarsson 2014). Tildra sést á Álftanesi allan veturinn, en fjölgar í apríl og maí úr nokkrum tugum í nokkur hundruð. Hún er algengust í fjörum á sunnanverðu Hliðsnesi, í ósnum við Lambhaga, í Gesthúsafjörum, Hrakhólum og við Seylu. Stundum hafa gríðarstórir tildurhópar sést á Álftanesi í vetrarhörkum, t.d. um 1200 fuglar kringum 1980. Þá gegndu fjörur á Álftanesi afar þýðingarmiklu hlutverki fyrir vaðfugla þegar tók fyrir fæðuöflun þeirra annars staðar á Suðvesturlandi.

Auk þeirra far- og vetraresta sem hér hefur verið dregið á eru ýmsir vaðfuglar algengir varpfuglar á nesinu og sumir þeirra reiða sig fyrst og fremst á fjöruna, eins og t.d. tjaldur en hann verpur mjög þétt á Álftanesi og er nánast jafndreifður meðfram öllum ströndum, alls eru 75–80 á árunum kringum 2003 (Kristbjörn Egilsson o.fl. 2004). Helstu vaðfuglastaðir á í fjörum Álftanesi eru auðkenndir á 2. mynd.



2. mynd. Helstu vaðfuglastaðir á Álftanesi 2014 (Jóhann Óli Hilmarsson og Ólafur Einarsson 2015).



Bessastaðanes

Vistgerðir og flóra

Gróður á Bessastaðanesi sker sig frá öðrum hlutum Álftaness þar sem nesið er á þéttum berggrunni og grunnvatnsborð rís nokkuð hátt í lægðum. Hér er stuðst við gróðurkort sem fylgdi skýrslu um náttúruferðir Álftaness frá árinu 2004 (Kristbjörn Egilsson o.fl. 2004) og gróðurfélög yfirfærð á vistgerðir. Samkvæmt þeirri skýrslu er um fimmtungur lands í Bessastaðanesi ræktað land, um 70% graslendi, annars vegar allgróskulegt graslendi eða valllendi þar sem landið liggur lægra og hins vegar þurrara mosaríkt graslendi. Um 7% lands telst vera votlendi (Kristbjörn Egilsson o.fl. 2004). Yfirfært á vistgerðir má í grófum dráttum segja að fyrir utan ræktaða landið sem flokkast sem tún og akurlendi að sá hluti graslendisins sem er í lægðum flokkist sem língresis- og vingulsvist eða grasengjavist en þurrara mosaríkt graslendi myndi ýmist flokkast sem mosamóavist eða grasmóavist eftir því hversu fyrirferðamiklir gamburmosar eru í sverði. Graslendisgróðurfélagið H5 (*sjávarfitjungur*) sem kemur sums staðar fyrir meðfram strandlengjunni við Lambhúsatjörn á gróðurkortinu flokkast í sem sjávarfitjungsvist undir vistlendinu strandlendi. Votlendi skiptist í mýra- og flóabletti ásamt deiglendi á gróðurkortinu. Samkvæmt því væru um að ræða starungmýravist, gulstaraflovist og deiglendi myndi yfirfærast á grasengjavist sem tilheyrir vistlendinu graslendi. Skilgreind tún og akurlendi eru að miklu leyti á framræstu votlendi sunnan og austan við forsetasetrið á Bessastöðum. Á síðustu árum hefur smám saman verið fyllt upp í skurði með viðleitni að endurheimta votlendið sem þarna var áður bæði í túnum við Bessastaði sem og annarsstaðar á Bessastaðanesi. Meðal annars hefur verið farið í að endurheimta gulstaraflová sem skilgreindur var á gróðurkortinu frá 2004 í túnum rétt sunnan við Bessastaði. Gulstaraflová er gróskumikið votlendi vaxið hávaxinni gulstör. Hann kemur einkum fyrir í vatnavikum og á flæðilöndum meðfram ám. Einnig hefur verið fyllt upp í skurði við gömul tún austan við Bessastaði. Ef endurheimt heppnast þar vel þá geta núverandi tún mögulega flokkast sem grasengjavist eða sem starungmýravist þegar fram í sækir. Starungmýravist þar sem mýrastör er ríkjandi ásamt fleiri votlendistegundum kemur annars fyrir á nokkrum stöðum á nesinu s.s. við og upp af Músavík í Lambhúsatjörn, austast á utanverðu nesinu og hér og þar við sunnanverða Bessastaðatjörn. Mokað hefur verið í skurði við mýrina upp af Músavík sem og í skurði sunnan við Seyluna rétt austan við Skansinn á deiglendu svæði, líkast til grasengjavist eða starungmýravist eftir því sem endurheimt hefur náð að snúa við framræslunni. Annars staðar er mýrlendið miklu eða öllu leyti óraskað á Bessastaðanesi.

Grasengjavist kemur einnig fyrir í grennd við Músavík og á deiglendum blettum í lægðum á miðju Bessastaðanesi. Grasengjavist er deigt graslendi sem m.a. kemur fyrir í lítt eða illa framræstu landi þannig að bæði votlendistegundir og grastegundir eru ríkjandi í bland.

Língresi- og vingulsvist sem flokkast einnig undir vistlendið graslendi líkt og grasengjavist kemur á allstórum flákum inn á miðju nesinu og inn á svokölluðum Rana. Það er allgróskulegt graslendi vaxið hálíngresi og túnvingli og öðrum grastegundum og blómjurtum s.s. gulmöðru eða krossmöðru. Þar sem land liggur ívið hærra utan með öllu nesinu er landið þurrara og grassvörðurinn ekki eins þéttur. Þar er ýmist um að ræða grasmóavist eða mosamóavist sem tilheyrir vistlendinu mólendi.

Gamburmosar, hraungambri eða melagambri eru ríkjandi í sverði í mosamóavist en tildurmosi og engjaskraut eru áberandi í grasmóavist. Þekja æðplanta er að öllu jöfnu mun minni í mosamóavist en í grasmóavist.

Strandlendi, þ.e. sjávarfitjungsvist kemur fyrir á litlum blettum eða á mjóu beltum meðfram Lambhúsatjörn, Rana og Seylunni eins og fram hefur komið hér að ofan.



Verndargildi helstu landvistgerða

Verndargildi votlendis er almennt mikið. Gulstararflóavist og starungsmýravist eru með mjög hátt verndargildi samkvæmt frummati (Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016) og við endurmat fengu þær báðar verndargildið 32 og voru skilgreindar sem forgangsvistgerðir við val svæða á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár (Olga Kolbrún Vilmundardóttir o.fl. 2019). Þá eru vistgerðirnar á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar (<https://eunis.eea.europa.eu/habitats/5154>, <https://eunis.eea.europa.eu/habitats/5206>). Einnig skal hafa í huga að votlendi stærra en 2 ha nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. grein náttúrverndarlaga (Lög um náttúruvernd nr. 60/2013). Líklega nær samfelld votlendi á Bessastaðanesi ekki þeirri stærð en engu að síður eru mikilvægt að hlúa að því votlendi (starungsmýravist og gulstararflóavist) sem er á nesinu og Náttúrufræðistofnun fagnar því átaki sem hefur verið í endurheimt votlendis á svæðinu.

Graslendisvistgerðirnar grasengjavist og língresis- og vingulsvist hafa báðar samkvæmt frummati hátt verndargildi og við endurmat eru þær með verndargildið 21. Jafnframt eru vistgerðirnar á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar (<https://eunis.eea.europa.eu/habitats/3789>, <https://eunis.eea.europa.eu/habitats/3786>).

Í mólendinu er verndargildi mosamóavistar metið lágt samkvæmt frummati og með verndargildið 7 samkvæmt endurmati. Frummat á verndargildi grasmóavistar er hins vegar hátt og er 18 samkvæmt endurmati auk þess sem vistgerðin er á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar (<https://eunis.eea.europa.eu/habitats/128>).

Verndargildi sjávarfitjungsvistar samkvæmt frummati er hátt (Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016), við endurmat fékk hún verndargildið 30 (verndargildi landvistgerða var á bilinu 3-38 í endurmati) og var hún skilgreind sem forgangsvistgerð við val svæða á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár (Olga Kolbrún Vilmundardóttir o.fl. 2019). Þá er vistgerðin á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar (<https://eunis.eea.europa.eu/habitats/652>). Sjávarfitjar njóta einnig verndar samkvæmt 61. samkvæmt 61. grein náttúrverndarlaga (Lög um náttúruvernd nr. 60/2013).

Æðplöntur

Um 129 tegundir innlendra æðplanta fundust á Bessastaðanesi við rannsóknir á gróðurfari og fuglalífi sumarið 2003 (Kristbjörn Egilsson o.fl. 2004). Langflestar teljast algengar á landsvísu og svæðisvísu með verndargildi 1-3 þar sem algengustu tegundirnar fá verndargildið 1 en þær sjaldgæfustu fá verndargildið 10 (Hörður Kristinsson o.fl. 2007, http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_50.pdf)

Ekki fundust neinar æðplöntur á valista í þeirri úttekt en í gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar Íslands eru til gamlar skráningar tvær tegundir sem eru annars vegar á valista og hins vegar friðlýst.

Giljaflækja, *Vicia sepium* er á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands sem tegund sem metin er í nokkurri hættu (VU) <https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/plontur/valisti-aedplantna>

Verndargildi hennar er hátt eða 7 (miðað við skalann 1-10 þar sem 1 er lægsta verndargildið (Hörður Kristinsson o.fl. 2007). Giljaflækja er af ertublómaætt og vex í gras- og blómendi. Útbreiðslusvæði hennar er fyrst og fremst syðst á landinu, undir Eyjafjöllum, í Mýrdal og í Vestmannaeyjum. Hún finnst víðar sem slæðingur, einkum um sunnan- og vestanvert land (Hörður Kristinsson o.fl. 2018).



Samkvæmt gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar Íslands er hún skráð í við norðanverða Bessastaðatjörn. Sú skráning er frá árunum 1939-1949 og hefur ekki verið staðfest nýlega og því óljóst um hvort að hún finnst þar enn.

Villilaukur *Allium oleraceum* er friðlýst tegund af hjarðliljuætt með verndargildið 8. (https://www.ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/r_184_1978_auglysing_plontutegundir.pdf, Hörður Kristinsson o.fl. 2007, http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_50.pdf). Hann er þó ekki á valista þar tegundin uppfyllir ekki forsendur matsins eins og það er skilgreint í dag. Villilaukur var líkast til fluttur inn til ræktunar fyrr á öldum (sjá nánar: Ingólfur Davíðsson 1965, Náttúrufræðingurinn 34. Árgangur 1964-1965, <https://timarit.is/page/4262751#page/n12/mode/2up>), m.a. er til eintak af tegundinni sem safnað var á Bessastöðum árið 1905 og varðveitt í grasasafni Náttúrufræðistofnunar Íslands. Hann fannst ekki sumarið 2003 og ekki til neinar aðrar skráningar þaðan en fróðlegt væri að fá upplýsingar um hvort hann hefur fundist á Bessastöðum síðar á 20. öldinni. Í dag finnst villilaukur á aðeins á tveimur stöðum: í Breiðafirði og í Borgarfirði (Hörður Kristinsson o.fl. 2018).

Auk þessara tveggja tegunda ber einnig að nefna þrjár aðrar tegundir til viðbótar sem hafa takmarkaða útbreiðslu á landsvísu.

Marhálmur, *Zostera angustifolia* er fremur sjaldgæf sjávarjurt og eina íslenska jurtin sem vex á kafi í sjó en hann nær einnig að hluta upp úr á fjöru í lygnum vogum og víkum á leirbotni líkt og í Lambhúsatjörn og í Skógtjörn þar sem hann finnst á Álftanesi/Bessastaðanesi. Hann er ekki á valista en verndargildi hans er engu að síðu metið hátt eða 7 (Hörður Kristinsson o.fl. 2007, http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_50.pdf). Aðalútbreiðslusvæði hans er við Faxaflóa og við Breiðafjörð. Fyrir 1930 voru víðfeðmar marhálmsgræður í Faxaflóa og við Breiðafjörð en hurfu að stórum hluta í kjölfar sýkingar af völdum slímsvepps sem lagðist á marhálmi í Norður-Atlantshafi (sjá nánar Hörður Kristinsson o.fl. 2018). Sums staðar hefur hann ekki enn náð sér á strik auk þess sem almennt hefur dregið úr útbreiðslu ættkvíslarinnar m.a. vegna mengunar auk annarra þátta. Marhálmur er mikilvæg fæða fyrir álftir og margæsir enda sækja þessar fuglategundir í ríku mæli í þetta fæðuforðabúr á Álftanesi, margæsirnir einkum á vorin og álftin síðsumars í fjarðafelli.

Gullkollur *Anthyllis vulneraria* er af ertublómaætt og hefur verndargildið 6. Hann vex á fremur þurrum malarkenndum jarðvegi t.d. í gisnu mólendi eða graslendi og meðfram vegum. Hann er skráður á Bessastaðanesi (Kristbjörn Egilsson o.fl. 2004). Hvað varðar almenna útbreiðslu hans þá finnst hann nær eingöngu á tveimur svæðum á landinu og er þar nokkuð algengur en er annars sjaldgæfur þess utan. Aðalútbreiðsla gullkolls er á Reykjaneskaga og norður fyrir Kjalarnes þar sem útbreiðsla hans hefur aukist mikið á undanföllum áratugum. Gullkollur hefur einnig nokkra útbreiðslu við Loðmundarfjörð á Austurlandi (Hörður Kristinsson o.fl. 2018).

Kattarjurt *Rorippa islandica* er fremur sjaldgæf tegund af krossblómaætt sem vex í flæðarmálum tjarna og uppþornuðum tjarnarstæðum. Verndargildi hennar er 4. Hún er skráð á norðanverðu Álftanesi. Aðalútbreiðslusvæði hennar er á Suðvesturlandi og í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum en lítt utan þess.




Fuglar

Bessastaðanes lítt raskað og afar mikilvægt varpsvæði fyrir mófugla á Álftanesi (4. mynd), þar sem þeir þrífast í skjóli æðarvarpsins (3. mynd) sem hefur verið friðað með ýmsu móti í áratugi. Eitt mikilvægasta varpsvæði fyrir endur á Álftanesi er norðurbakki Bessastaðatjarnar. Mikið af grágæsum (um 100 pör) verpti þar 2004 og er þetta svæði eitt mikilvægasta varpland grágæsar á Suðvesturlandi en grágæsin hefur átt undir högg að sækja hér á landi undanfarin ár.



4. mynd. Helstu varpstaðir æðarfugls á Álftanesi 2004 (Kristbjörn Egilsson o.fl. 2004).





4. mynd. Helstu fuglastaðir á Álftanesi 1992-2004. Dreifing punkta gefur til kynna hvar mófuglavarp er helst að finna. Helstu kríu- og hettumáfsvörp síðasta áratuginn eru sýnd. (Kristbjörn Egilsson o.fl. 2004). Hér kemur glögglega fram vaxandi þýðing Bessastaðanes fyrir mófuglavarp á Álftanesi

Helsta sílamásvarpið á Álftanesi hefur löngum verið í Bessastaðanesi, þar voru 350 pör árið 1990 og líklega 350–500 pör 2003-2004. Þá voru einnig vaxandi sílamáfsvörp í Gálgahrauni og á norðanverðu Garðaholti en ekki liggur fyrir nýlegt heildarmat á sílamáfsvarpinu á þessum slóðum. Stundum hefur verið mjög stórt kríuvarp í Bessastaðanesi, jafnvel þúsundir fugla, þó ekki hinn síðari ár.

Bessastaðatjörn

Vistgerðir og plöntur

Bessastaðatjörn var fyrrum grunnt lón með op um Dugguós út í Skerjafjörð. Ósnum var lokað með varnargarði árið 1953 (sjá nánar t.d. Vigdís Bjarnadóttir 2010). Í dag flokkast Bessastaðatjörn sem ferskvatnsvistgerðin strandvötn, en um þau segir: „Strandvötn eru lón, sem alla jafnan hafa ekki afrennsli til sjávar, eða hafa ós til sjávar sem liggur svo hátt, að sjór fellur ekki inn í þau nema við óvenjulegar aðstæður. Í allmörgum tilvikum eru lón þessi tilbúin af mönnum, og hefur sennilega oftast verið um leirulón að ræða áður en ós þeirra var stíflaður.“ Yfirborðsselta er lág (<10 S) eða engin. Í dýpstu vötnunum mælist selta hærrí við botn en yfirborð og eru vötnin lagskipt með tilliti til seltu. Strandvötn skilja sig frá öðrum íslenskum stöðuvötnum að því leyti að í þeim geta lifað marflær og þyrildýr sem þekkt eru úr sjó og ísöltu vatni. Strandvötnum svipar nokkuð til flatlendisvatna.“ (<https://www.ni.is/greinar/strandvotn>). Vatnagróður í strandvötnum er lítt þekktur í plöntutegundir eins og síkjamari, þráðnykra, kransþörungur, fjallnykra, langnykra, álftalaukur og lófótur hafa fundist í þeim. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvaða tegundir finnast í Bessastaðatjörn.



Fuglar

Bessastaðatjörn er jafnt áningarstaður, varpstaður og fellistaður fyrir andfugla. Nærri 1000 grágæsir, 160 skúfandarsteggir og 40 álftir felldu þar t.d. flugfjaðrir sumarið 2014. Mikið af hávellu (allt að 500 fuglar) sást þar að jafnaði á vorin en fuglunum hefur fækkað síðan. Stærsta hettumáfsvarp landsins (830 pör 1992) var um tíma við Bessastaðatjörn en fuglunum hefur fækkað síðan og voru pörin talin ríflega 400 árið 2014. Meginvarpið árið 2004 var í landi Hvols og í Stekkjarhólma, samtals 540 pör í fimm klösum. Þar var samfellt varp 1992 sem áætlað var 830 pör (Kristbjörn Egilsson o.fl. 2004).

Mikið varp er víða umhverfis tjörnina, andfuglar (5. mynd) og mófuglar (3. mynd) sækjast eftir að verpa innanum hettumáfinn sér til varnar. Þá hafa allt að 1800 grágæsir sést við tjörnina að sumarlagi (Jóhann Óli Hilmarsson og Ólafur Einarsson 2014).



5. mynd. Helstu varpsvæði andfugla á Álftanesi 2004 (Kristbjörn Egilsson o.fl. 2004). Aðalvörpin eru við Bessastaðatjörn og í Bessastaðanesi.



Lokaorð

Fuglalíf og gróðurfar á Álftanesi hefur mikið gildi að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands, á héraðs-, lands- og heimsvísu. Einkum er það fuglalífið sem hefur alþjóðlegt gildi, en það fær ekki þrífist án hinna fjölbreyttu vistgerða og fjöruhlífis sem eru fæðuuppsprettur, hvíldarstaðir, varplönd og skjól fyrir fuglana.

Óskertum svæðum á láglandi á Höfuðborgarsvæðinu hefur fækkað mjög. Stærstu svæðin á láglandi sem eru eyjarnar á Kollafirði, Geldinganes og Bessastaðanes og eykst verðmæti þessara óbyggðu láglandu náttúrusvæða ár frá ári í réttu hlutfalli við þéttingu byggðar. Náttúrufræðistofnun hefur áður bent á að hið tiltölulega óraskaða Bessastaðanes hafi mikið gildi sem náttúrusvæði og m.a. vísað til Edinborgar í Skotlandi sem hliðstæðu. Inni í borgarlandi Edinborgar er allstórt óbyggt svæði, Holyrood Park, sem tilheyrir bresku krúnunni og þar er aðsetur þjóðhöfðingja. Vegna þess að þetta land tilheyrir krúnunni hefur það notið friðunar og er óbyggt þó það sé nánast í jaðri gamla bæjarins og þétt byggð liggja að því. Í dag er svæðið að hluta til opið almenningi, sem nýtir það til gönguferða og náttúruskoðunar og hefur mikið aðdráttarafli (Kristbjörn Egilsson o.fl. 2004).

Virðingarfyllt,

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur

Heimildir:

Hörður Kristinsson, Jón Baldur Hlíðberg og Þóra Ellen Þórhallsdóttir 2018. Flóra Íslands: blómplöntur og byrkningar. Reykjavík: Vaka-Helgafell.

Hörður Kristinsson, Eva G. Þorvaldsdóttir og Björgvin Steindórsson 2007. Vöktun válistaplantna 2002 – 2006. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar Nr. 50. 86 s.

Ingólfur Davíðsson 1965. Íslensk „liljugrös“. Náttúrufræðingurinn 34. árgangur, 4. tbl. 1964-1965, bls. 170-174. <https://timarit.is/page/4262751#page/n12/mode/2up>

Jóhann Óli Hilmarsson og Ólafur Einarsson 2015. Fuglalíf á Álftanesi: fuglar í fjörum, á grunnsævi, tjörnum og túnum 2014. Unnið fyrir Garðabæ, https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/17343/Alftanes_skyrsla2014-fuglalif-ny.pdf?sequence=1.

Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, ritstj. 2016. Vistgerðir á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. 299 s. https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf .

Jónas Jónsson, ritstj. 2001. Æðarfugl og æðarrækt á Íslandi. Rit Æðarræktarfélags Íslands. Reykjavík: Mál og mynd.



Kristbjörn Egilsson, Guðmundur Guðjónsson og Guðmundur A. Guðmundsson 2004. Gróður og fuglalíf á Álftanesi. Náttúrufræðistofnun Íslands, NI-04012. Reykjavík: Náttúrufræðistofnun Íslands.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Borgný Katrínardóttir, Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage 2016. Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi . Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 55. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands. Rafræn útgáfa leiðrétt í maí 2018.

https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf

Náttúrufræðistofnun Íslands, vetrarfuglatalningar, <https://www.ni.is/greinar/vetrarfuglatalningar-nidurstodur>.

Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn.

Olga Kolbrún Vilmundardóttir, Ásrún Elmarsdóttir, Borgþór Magnússon, Guðmundur Guðmundsson, Ingvar Atli Sigurðsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Kristján Jónasson, Lovísa Ásbjörnsdóttir, Marianne Jensdóttir Fjeld, Sigmar Metúsalemsson, Starri Heiðmarsson, Sunna Björk Ragnarsdóttir, Þóra Hrafnisdóttir og Trausti Baldursson 2019. Framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár: svæðaval og ávinningur verndar. NÍ-19008. Náttúrufræðistofnun Íslands, Garðabær.

<https://utgafa.ni.is/skyrslur/2019/NI-19008.pdf>

Ýmsar staðreyndasíður:

Tillögusvæðið Álftanes-Skerjafjörður: <https://www.ni.is/greinar/sv-alftanesskerjafjordur>

Staðreyndasíður vistgerða á landi og í fjörum:

<https://www.ni.is/grodur/vistgerdir/land>

<https://www.ni.is/grodur/vistgerdir/fjara>

Vigdís Bjarnadóttir 2010. Endurheimt votlendis við Kasthúsatjörn á Álftanesi. BS-ritgerð við Landbúnaðarháskóla Íslands, Umhverfiseild.

Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands í kortasjá: <https://vistgerdakort.ni.is/>

Staðreyndasíður um fugla:

<https://www.ni.is/node/27124>

<https://www.ni.is/node/27157>

<https://www.ni.is/node/27155>

